

## Stefna stjórnar

Eftir erfitt ár þar sem fjárhagur safnaðarins fer sífellt versnandi sér stjórn safnaðarins sér ekki annað fært en að gera stefnubreytingar frá því sem fyrri stjórn hefur unnið eftir.

Þrátt fyrir að reynt hafi verið af fremsta megni að fjölga meðlimum í söfnuðinum og umtalsverðan niðurskurð er ekki bjart framundan og hætta er á að gjaldþrot blasi við.

Stjórnarliðar hafa smá saman fengið gleggri mynd af ástandinu og munu róa að því öllum árum að halda áfram öflugum starfi og kristilegri kærleikspjónustu í söfnuðinum.

Stefna stjórnarinnar er eftirfarandi:

Halda áfram að fjölga meðlimum en jafnframt berjast fyrir því að ákvörðunin um að fólk þurfi að skrá sig að nýju verði afturkölluð og að sóknargjöld verði afturvirk.

Svo framarlega sem meðlimum fjölgar ekki gæti þurft að grípa til þeirra aðgerða að segja upp sóknarpresti og starfsmanni skrifstofu - hafa lausráðinn prest sem sinnir lágmarkspjónustu og starfsmann á skrifstofu í hálfu starfi. Þá er mikilvægt að viðhalda og styðja samstarf við íslenska presta í Noregi.

Einnig kemur til greina að selja Ólafústofu (sem er staðsett á dýrum stað í miðbæ Oslóar) og þess í stað að leigja eða kaupa ódýrara skrifstofuhúsnæði utan við Osló.

Ekki verður við svo búið hægt að leggja inn á reikning til kaupa á prestbústað og jafnvel kemur til greina að kanna hvort nota megji þá peninga sem til eru í starf safnaðarins.

Reynt verði af fremsta megni að skera niður útgjöld við rekstur safnaðarins. Þar kemur til greina að hætta að hafa kór/tónlistarfólk í öllum messum og hafa þess í stað almennan safnaðarsöng, hætta með messukaffi og hætta að bjóða upp á þjónustu eins og heimaskírn. Ekki verður hægt að bjóða upp á námskeið á vegum safnaðarins að svo stöddu.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð verður leitast við að halda barna- og ungmennastarfi að mestu óbreyttu og reyna að efla það ef þess er kostur. Sama gildir um starf eldri borgara.

Áfram verði viðhaldið samstarfi við Íslendingafélögin í Noregi, íslenska kóra, íslenska námsmenn í Noregi, sendiráð Íslands í Osló, önnur samtök Íslendinga í Noregi, norræna kristilega söfnuði og samtök kristilegra safnaða í Noregi.

Auka kynningarstarf safnaðarins með því að halda uppi lifandi heimasíðu og nýta betur aðra samfélagsmiðla.

